

REGLUGERÐ

5

10. jan.

um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

1. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

2. gr.

Húsnæðismálastjórn skal beita sér fyrir því að sveitarfélög safni sem ýtarlegustum skýrslum um það, hversu mikið heilsuspillandi húsnæði sé notað til íbúðar og með hvaða hætti, og á hve löngum tíma hlutaðeigandi sveitarfélög telja auðið að útrýma því.

3. gr.

Sveitarfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum og óska eftir að njóta aðstoðar ríkisvaldsins, skulu sækja um slíka aðstoð til húsnæðismálastjórnar.

Með umsóknum þessum skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Kostnaðaráætlun yfir fyrirhugaðar framkvæmdir ásamt teikningum.
- Upplýsingar um það, hvenær framkvæmdir hafa hafizt eða munu hefjast og hvenær þeim skuli ljúka. Taka skal fram á hvaða stigi slíkar framkvæmdir kunna að vera þegar umsókn er send.
- Upplýsingar um hvaða húsnæði á að útrýma, lýsing á því, svo og hversu margt fólk býr í því húsnæði.
- Ef um annað húsnæði er að ræða en herskála, vottorð viðkomandi héraðslæknis, í Reykjavík borgarlæknis, um að húsnæði það, sem útrýma á, sé heilsuspillandi.

4. gr.

Nú samþykkir húsnæðismálastjórn áætlanir sveitarfélags um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og getur hún þá veitt lán af því fé, sem ríkissjóður leggur fram í þessu skyni, þó eigi hærra en nemur samanlögðu framlagi og láni frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Slík lán skulu veitt til 50 ára með 4% ársvöxtum og skulu vera jafngreiðslulán. Afborganir og vextir af lánum þessum skulu renna í varasjóð hins almenna veðlána-kerfis. Skal veðdeild Landsbanka Íslands sjá um afgreiðslu lánanna, innheimtu og reikningshald.

5. gr.

Lán, sem veitt eru samkvæmt reglugerð þessari, skulu veitt sveitarfélögum, og er þeim heimilt að verja þeim:

- Til byggingar íbúða, er síðan verðin seldar einstaklingum, fullgerðar eða ófullgerðar.
- Til byggingar leiguhúsnæðis.
Ef um fyrra tilvikið er að ræða, skulu eftirfarandi reglur gilda um íbúðina unz lán ríkissjóðs er greitt að fullu:
 - Ef eigendaskipti verða að íbúðum þessum, skal hlutaðeigandi sveitarfélag eiga forkaupsrétt að hinni seldu íbúð og er því skylt að leysa íbúðina til sín og selja hana eða leigja eftir reglum 6. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 3. mgr. þessarar

5

10. jan.

greinar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera herra en síðasta kaupverð hennar að viðbætti verðhækkun, sem orðið hefur samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljandi, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið meðan íbúðin var í eigu seljanda, og draga frá hæfilega fyrningu, hvoru tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Fyrir endurbætur skal þó ekki greiða meira en kostað hefur að fullgera samsvarandi íbúð. Ekki má leigja slíka íbúð eða hluta hennar án samþykkis sveitarstjórnar, sem hefur forleigurétt.

b. Íbúðir þessar má aðeins selja þeim, sem búa í heilsuspillandi húsnæði, enda verði það jafnframt tekið úr notkun, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

Ef um byggingu leiguhúsnæðis er að ræða, skulu eftirfarandi reglur gilda um það unz lán rikissjóðs er að fullu greitt:

a. Leiga eftir húsnæðið má ekki vera hærri en sem nemur afborgunum og vöxtum þeirra lána, sem á íbúðinni hvíla og kostnaði vegna eðlilegs viðhalds.

b. Leiguhúsnæði má ekki aðeins leigja þeim, sem búa í heilsuspillandi húsnæði, enda verði það jafnframt tekið úr notkun, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

6. gr.

Sveitarfélögum er skylt að láta þær fjölskyldur, er í lökustu húsnæði búa og mesta ómegð hafa eða eiga samkvæmt vottorði læknis við verulega vanheilsu að stríða, sitja fyrir við úthlutun þess húsnæðis, sem byggt er samkvæmt reglugerð þessari .

7. gr.

Lán samkvæmt 4. gr. koma ekki til útborgunar fyrr en viðkomandi ónothæft húsnæði hefur verið tekið úr notkun, samkvæmt vottorði viðkomandi lögreglustjóra, enda sé húsnæði það, sem lánað er til, orðið íbúðarhæft samkv. vottorði matsmanna hins almenna veðlánakerfis.

Óheimilt er að taka aftur til íbúðar húsnæði, sem tekið hefur verið úr notkun samkv. reglugerð þessari, nema fyrir liggja vottorð héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis), um að það sé eigi lengur heilsuspillandi.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 20 000.00 kr. sektum til rikissjóðs, og fer ura þau að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55 20. maí 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.